

Bekkur: 2. bekkur

Námsgrein: Dans

Kennarar : Esther Inga Níelsdóttir

Tímafjöldi: 12 tíma námskeið

Dans er stór þáttur í lífi og starfi manna hvar sem er í heiminum. Hún er leið til tjáskipta með túlkun á hreyfingu við alls kyns tónlist.

Í dansiðkun felst hreyfing, sköpun, hlustun, samhæfing, rökhugsun og flutningur. Dansinn er tjáning þar sem einstaklingar skapa merkingu með því að bregðast við með hreyfingu frá tónlist og þögn – með sjálfum sér eða í samstarfi. Dansiðkun krefst líkamlegrar samhæfingar, greinandi hugsunar og tilfinningatengsla. Dans getur verið hluti skilgreindrar menningar eða sjálf skilgreinandi hluti menningar.

Danskennsla í grunnskóla á að efla hreyfigetu og samhæfingu handa og fóta, ásamt því að læra einfalda samsetningu grunnspora í algengum dönsum. Nemendur eiga að geta skynjað hrynjanda og einkenni hennar í mismunandi hreyfingu og tónlist. Nemendur eiga að geta gert sér grein fyrir gildi dansins í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt.

Markmið danskennslu í grunnskóla er:

Að örva líkams- og hreyfiproska í takt við tónlist.

Kunna mun á hægri og vinstri, fram, aftur, hæl og tá.

Hlusta og gera greinarmun á tónlist með mismunandi hraða og áherslum.

Að örva og þroska líkamsvitund, líkamslæsi og hreyfigreind einstaklingsins.

Hlúa að og örva hreyfi- og rýmisgreind og félagsþroska og veita einstaklingum þannig aukið tækifæri til þroska og mennta.

Efla/þjálfa aga, áræðni, samhæfingu, kjark, færni, samvinnu, kurteisi, tillitssem og líkamsreisn.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.

Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri viðfangsefni.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
------------	-------------	---------------

	Stefnt er að því að nemandi getur: • hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama • dansað einföld hreyfimylnstur og notað þau í paradönsum, barnadönsum • tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara • tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi	Grunnsþor kennd í eftifarandi dönsum: • Enskur vals • Cha cha cha • Mambó • Línudans • Skottís • Ræll • Barnadansar • Ýmsir leikdansar
Sköpun/túlkun/tjáning	• taki þátt í hreyfileikjum (gangi í röð, í hringi, læri hoppþor) • kunni skil á hægri og vinstri hæl og tá, fram og aftur • dansi einföld þor í samkvæmisdans, t.d. grunnsþor • hlusti á tónlist með mismunandi tónfalli, hröð, hæg þor, skilgreini mismunandi dansstöðu/hald	Kennslan er lifandi í gegnum dansinn, upplifunin og skemmtunin höfð í fyrirrúmi. Smám saman byggt ofan á fyrri þekkingu.
Skynjun/greining/mat	• sjái danssýningar og/eða danskeppni (af myndböndum ef ekki er aðstaða til annars) • taki þátt í umræðum um sýningar og keppni	Nemendur fá sjá danssýningu og dansskeppni á myndbandi. Í lok árs verður foreldrasýning þar sem einskonar uppskeruhátíð á sér stað.
Námsmat: Námsmat verður í eftifarandi þáttum: þátttöku, samvinnu, áhuga, framförum og þátttöku.		
Námsefni: Geisladiskar með ýmissi danstónlist, hlustunarefni, veraldarvefurinn, myndefni, bækur um dans, o.fl. sem til fellur.		

